

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 föstudaginn 23. ágúst 2024, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín M. Guðjónsdóttir, Sara Sigmundsdóttir, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Örn Arnarson, og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldór Óli Kjartansson

Formaður setti fund með nýrri stjórn klukkan 13:02 og fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1 Staðan eftir sumarið

Vorið var síðra en búist var við vegna afbókana hópa. Sumarið var nokkuð á pari en þættir eins og veður og alþjóðleg íþróttamót virtust hafa áhrif á ferðahegðun. Veðrið setti strik í reikninginn í byrjun júní og að einhverju leiti í ágúst. Misjafnt á milli aðila hvort að það sé aukning en samkeppni og breyting í hópabókunum hafði einhver neikvæð áhrif. Það var meira um að þjónusta frá Íslandi væri í sölu yfir sumartímamann sem oft sést ekki vegna vöntunar á gistingu. Bjartsýni er fyrir haustið og bókanir líta almennt vel út þó ýmislegt eigi eftir að raungerast og skýrast.

### 2 Fjármál

Mikil áhersla á að sækja fjármagn í heildstæða landkynningu. Lagt er upp með langtímaverkefni til 5 ára sem þarf að ýta vel á að verði fjármagnað. Landsátak á vegum Íslandsstofu skiptir öll máli og styður MN við þetta.

Fjármögnun MN er sem áður í gegnum sveitarfélög, fyrirtæki og ríki. Sveitarfélög eru með samning út árið sem þarf að endurnýja í takti við svæðið og landshlutasamtökin eru að vinna hörðum höndum í að fá sanngjarnt fjármagn inn á svæðið.

Samningar lausir við Íslandsstofu um áramót og óséð með framhaldið á því. Fundurinn ræðir mikilvægi landsbyggðar í starfi Íslandsstofu.

Uppbygging samstarfsgjalda er á endurskoðun innan skamms.

### 3 Flugklasinn, fjármögnun

Samtöl við sveitarstjóra hafi átt sér stað síðastliðna mánuði og sameiginlegur fundur um framtíð klasans er á mánudaginn.

Farið yfir stöðuna á fluglasanum og þróun í fjármálum. Fjármagn er ekki staðfest fyrir 2025.

Stjórn ræðir sviðsmyndir um framtíðarfjármögnun. Best væri að ná samningum til lengri tíma en 1 árs í senn. Rök sveitarstjórna halda vissulega að landsbyggðin sé að greiða fyrir vinnu sem er verið að vinna t.d. Keflavík án aðkomu nærliggjandi sveitarfélaga. Verkefnið er engu að síður mikilvægt og má ekki hætta. Fjármagn á að vera til staðar. Það er alltaf spurning um vitneskju aðila um verkefnið og spurning hvort að gögn sett fram með nýjum hætti gæti hjálpað. Verkefnið hefur áhrif alla þætti samfélagsins bæði í atvinnu og lífsgæðaskilningi. Búið er að halda verkefninu þétt og ná árangri.

#### 4 Önnur mál

Uppskeruhátíð 24. október næstkomandi. Framkvæmdastjóri biður stjórnarfólk að huga að hátíðinni og að fjölmenna.

Óskað hefur verið eftir samtali vegna Vestnorden á Akureyri 2025 og stjórn leggur áherslu á að það samtal eigi sér stað fyrr en síðar með von um góðar niðurstöður.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30

Fundarritari HÓK